

Orravatnsrústir

Stærð: 43,5 km²

Sveitarfélag: Sveitarfélagið Skagafjörður

Umdæmi: Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Náttúruminjaskrá: 413

Verndartillaga: Friðland

Tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands¹ og Umhverfisstofnun²

Mörk:

Mörk liggja frá Reyðarfelli í austanvert Reyðarvatn. Þaðan til suðurs rétt austan við Reyðarvatn og síðan með vegi allt að Vestripollum. Þaðan í austur, fyrir Gimbrafell og norður í Bleikáluháls og áfram með vegi, þá norðvestur fyrir Reiðhól og í austur með Runukvísl í suðvestur og vesturhlíðar Reyðarfells.

Mörk svæða eru sett fram með fyrirvara. Líta ber á þau sem hugmynd að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsinga.



Svæðislýsing:

Gróðursvæði, freðmýrasvæði, mikið um rústir, flár og tjarnir á Hofsafrétt. Rústasvæðið nær suður með Pollakvísl, norður að Reyðarvatni og vestur með Runukvísl. Mikill fjöldi rústa á öllum myndunarstigum. Við Orravatn eru áberandi hraukar, tugir metra í þvermál og allt að mannhæðar háir. Jaðrar rústanna eru það brattir að gróður nær ekki að þekja þá. Hluti svæðisins er talinn vera leifar eldra vatnsborðs sem lækir hafa grafið sig niður í við lækkanði vatnsstöðu.



Ljósmynd: Orravatnsrústir. Siv Friðleifsdóttir

Eignarhald:

Afréttur.

Núverandi landnotkun:

Afréttur.

Röskun, ógnir, úrbætur:

Svæðið er raskað vegna hrossabeitar. Helstu ógnir eru virkjunaráform, vegagerð, akstur utan vega og beit. Sveitarfélagið hefur stöðvað hrossabeit á svæðinu. Hlýnandi veðurfar ógnar tilveru rústanna.

Athugasemdir:

Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Ein fjölbreyttasta freðmýri landsins. Alþjóðleg ábyrgð. Talsvert fuglalíf og fjölbreytt gróðurfar.

Viðföng

Lykiltegund: Finnungastör

Almenn viðmið

| | Jarðmyndanir | Vatnafar | Plöntur | Dyr | Vísikerfi, vistgerðir, búsvæði | Landslag | Viðerni | Menningar- og söguminjar |
|---|--------------|----------|---------|-----|--------------------------------|----------|---------|--------------------------|
| Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar | • | | | | • | | | |
| Óvenju tegundarík svæði eða viðkvæm fyrir röskun. Sérlega fjölbreyttar náttúruminjar | | | • | | • | | | |
| Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúruminjar | | | | | • | • | | |
| Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð | | | | | • | | | |
| Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi | • | | | | • | | | |
| Einkennandi fyrir náttúruferla viðkomandi landshluta | • | • | | | | | | |
| Sjónrænt gildi | | | | | | • | | |

Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

| | | | |
|---|---|---|--------------------------|
| Eldvörp, gervigígar, eldhraun | Stöðuvötn og tjarnir, $\geq 1000 \text{ m}^2$ | • | Náttúrulegir birkiskógar |
| Fossar | Mýrar og flóar, $\geq 3 \text{ ha}$ | • | Skógar til útivistar |
| Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður | Sjávarfitjar og leirur | | |

| | | | | | | | |
|--|---------------------|--|----------------|------------------|-----------------------------|----------------------|-----------------------------|
| Jarðfræði/vistgerðir ^{1,2,3} | Rústamýri | Mikill fjöldi rústa á öllum myndunarstigum. Við Orravatn eru áberandi hraukar, tugir metra í þvermál og allt að mannhæðar háir. Jaðrar rústanna eru það brattir að gróður nær ekki að hylja þá. Rústamýrar falla undir alþjóðleg ábyrgð, sbr. IV viðauki Bernarsamningsins. Rústum fer fækkandi hér á landi, aðallega vegna hlýrra loftslags. Þær hafa verulegt vísindagildi, t.d. vegna loftslagsbreytinga. | | | | | |
| Vatnafar | Saga | Hluti svæðisins er talinn vera leifar eldri vatnsbotns sem lækir hafa grafið sig niður í við lækandi vatnsstöðu. | | | | | |
| Fuglar | Fjölbreytni | Talsvert fuglalíf er á tjörnum. | | | | | |
| Plöntur ⁴ : | Tegund | Tegundarheiti | Flokkur | Algengni | Válisti ³ | Bernarviðauki | Forsenda verndar |
| | Finnungastör | <i>Carex nardina</i> | Háplanta | Takm. útbreiðsla | | | Einn af >5 fundarstöðum |
| | Kollastör | <i>Carex macloviana</i> | Háplanta | | LR | | Einn af allmörgum fundarst. |
| | Annað | Fjölbreytt gróðurfar miðað við 700 m hæð yfir sjávarmáli. | | | | | |

Heimildir:

¹ Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson. 2002.

² Náttúruverndarráð. 1996a..

³ Þorleifur Einarsson. 1994.

⁴ Hörður Kristinsson. 2003.